

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. mars 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðningur við þolendur þeirra. Þingskjal 39 – 39. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Berglind Sigmarsdóttir
Framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðningur við þolendur þeirra.

Barnaheill þakka fyrir tækifærið að fá að senda umsögn um ofangreint mál.

Samtökin sendu áður umsögn um sama mál í janúar 2022 og er þessi umsögn nær óbreytt en þó með viðbættum upplýsingum um verkefni Barnaheilla.

Samtökin styðja heilshugar við alla liði tillögunnar um leið og þau viðurkenna að margt er að gerast og þróast til að styðja við breytingar í átt að réttlátara samfélagi og meiri samstöðu með þolendum kynferðisbrota. Að mati samtakanna er þó alltaf tilefni til að gera enn betur og því gott að enn komi fram tillögur að bættu verklagi og auknum réttindum brotþola, sérstaklega þegar um börn er að ræða.

Að mati Barnaheilla er frekari rökstuðningur við ofangreint óþarfur en samtökin telja tillögurnar vel unnar og byggja á vel ígrunduðum forsendum sem samræmast skoðun og gögnum Barnaheilla.

Barnaheill vilja vekja athygli á námskeiðum sem samtökin halda um forvarnir gegn kynferðisofbeldi, undir nafninu Verndarar barna. Sjá hlekk: [Verndarar barna | Barnaheill](#). Fræðslan er ætluð öllum 18 ára og eldri, fyrir þau sem eiga börn og vinna með og fyrir börn.

Að auki reka Barnaheill Ábendingalínu, sjá hlekk: [Ábendingalína Barnaheilla | Barnaheill](#), þangað sem má tilkynna um kynferðisofbeldi gegn börnum á neti og fá aðstoð við að láta fjarlægja það af netinu. Þar má nefna myndir sem sýna börn beitt líkamlega kynferðisofbeldi, en einnig er hægt að tilkynna um kynferðislega áreitni gegn barni, tælingu barns og eða nektarmyndir af barni sem hefur verið dreift án leyfis.

Ennfremur má minnast á að Barnaheill veita ráðgjöf til barna og aðstandenda barna um forvarnir og viðbrögð gegn kynferðisofbeldi.

Samtökin þakka fyrir áskorun til ráðuneytis sem er að finna í þingsályktunartillögunni um að styðja fjárhagslega við félagasamtök sem vinna að stuðningi við þolendur kynferðisbrota, þ.á m. Barnaheill. Slíkur stuðningur við Barnaheill er vel metinn og mjög gagnlegur.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin leggja sérstaka áherslu á rétt barna til að vera vernduð gegn ofbeldi. Innan raða Barnaheilla er mikil þekking og reynsla varðandi forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum en einnig bjóða samtökin upp á ráðgjöf og fræðslu til aðstandenda barna sem orðið hafa fyrir ofbeldi.